



# FÉLAG NÁMS- OG STARFSRÁÐGJAFNA

Þá er komið að því!

## Aðalfundur FNS 2019 verður föstudaginn 3. maí kl. 14.30 í húsi Mímis að Öldugötu 23

Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf.

*Í kjölfar fundarins verður samvera þar sem boðið verður upp á léttar veitingar og skemmtilegheit*

*Skráning á fundinn hér:*

<https://doodle.com/poll/m9rhkqgfym9xmmr>

*Fundinum verður streymt.*

*Nánari upplýsingar um fyrirkomulag síðar*

### HAFÐU ÁHRIF

Starfsemi FNS veltur á þátttöku félagsmanna og er einfaldasta leiðin til að hafa áhrif að taka þátt. Fjöldi öflugra félagsmanna kemur að starfseminni, en að vanda er hreyfing á mönnun í nefndir og ráð félagsins.

**Því óskum við eftir fólki í eftirfarandi embætti:**

fræðslunefnd (2)

siðanefnd (2)

fagráð grunnskóla (1)

fagráð framhaldsskóla (1)

fagráð háskóla (1)

fagráð atvinnulífsins (2)

Einnig höfum við áhuga á að endurreisa **kjararáðin**, en þar óskum við eftir 2 aðilum á hverjum vettvangi.

Við hvetjum áhugsama til að hafa samband í tölvupósti í [helga2202@gmail.com](mailto:helga2202@gmail.com) eða [fnstjorn@gmail.com](mailto:fnstjorn@gmail.com)

## Hlökkum til að sjá ykkur hress og kát Stjórn FNS

Við viljum vekja athygli á því að skv. lögum FNS eru félagsmenn þeir sem hafa fengið leyfi til að nota starfsheitið náms- og starfsráðgjafi og greiða félagsgjöld í FNS.

### Tillaga að lagabreytingu

Stjórn FNS leggur til eftirfarandi breytingu á lögum félagsins:

7. gr. hljóðar svo: Aðalfundur Félags náms- og starfsráðgjafa er haldinn í aprílmánuði ár hvert. Hann hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Til hans skal boðað með viku fyrirvara hið skemmsta og er hann þá lögmætur. Afl atkvæða ræður úrslitum mála.

Breytingartillaga: í stað „aprílmánuði“ standi „apríl eða maí“.